



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

**Efni: Svar skóla- og frístundaviðs Reykjavíkur við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa  
Sócialistaflokks Íslands um starfsemi skólaráða yfir sumartímann - R19080072**

Á fundi borgarráðs 15. ágúst 2019 er lögð fram svohljóðandi fyrirspurn:

**Fyrirspurn**

Skólaráð starfa samkvæmt lögum um grunnskóla og eru samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahald. Skólaráð eru skipuð nýu einstaklingum til tveggja ára í senn, þ.m.t. tveimur fulltrúum nemenda. Í reglugerð um skólaráð við grunnskóla kemur fram að miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs fyrir lok septembermánaðar. Ef það kemur til þess að skólaráð grunnskóla þurfi að taka ákvarðanir yfir sumartímann, hvernig sinna þau þá störfum sínum ef ráðið er ekki fullmannað sökum þess að fulltrúar nemenda sitja ekki lengur í skólaráðinu vegna útskriftar úr grunnskólanum?

**Svar:**

Í þriðju málsgrein 4. greinar reglugerðar um skólaráð 1157/2019 segir:

*Skólaráð starfar á starfstíma skóla en heimilt er að kalla það saman á öðrum tíma beri brýna nauðsyn til. Skylt er að kalla saman fund ef þrír eða fleiri skólaráðsmenn óska þess.*

Í 3. grein sömu reglugerðar segir jafnframt:

*Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Varamenn geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Varamaður tekur fast sæti við varanleg forföll eða missi kjörgengis aðalmanns, nema nýr sé kjörinn eða valinn í hans stað.*

*Fulltrúi í skólaráði missir hæfi sitt til setu í ráðinu ef tengsl hans við skólann rofna.*

Til að fyrirbyggja að ekki verði hægt að fullmanna skólaráð er mikilvægt að kjósa varamenn fyrir alla fulltrúa ráðsins. Vakin er athygli á því að hvergi er kveðið á um það í reglugerðinni að fulltrúar nemenda skuli vera í elsta bekk skólans. Nánar má sjá um þetta í *Handbók um skólaráð* sem unnin var af skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Heimili og skóla og fleiri hagsmunaaðila.

Handbók um skólaráð: <https://reykjavik.is/handbok-um-skolarad>

Virðingarfyllst

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasvið